

Héraðssýning kynbótahrossa á Gaddstaðflötum

Héraðssýning kynbótahrossa á Gaddstaðflötum hefst 24. maí og lýkur 12. júní með verðlaunaafhendingu. Ef þátttaka verður minni eða meiri en búist er við getur þurft að fækka eða fjölga dögum. Dæmt verður frá mánudegi til fimmtudags en yfirlitssýning á föstudögum rétt eins og verið hefur undanfarin vor. Ekki verður dæmt um helgar.

Þar sem stóðhestasýningin í Gunnarsholti hefur verið lögð niður var ákveðið að tileinka stóðhestum vikuna 1.-4. júní og verða þá eingöngu dæmdir stóðhestar. Hugsunin með þessu er að bjóða upp á yfirlitssýningu þar sem eingöngu koma fram stóðhestar. Með þessu fyrirkomulagi geta ræktendur kynnt sína hesta og hryssueignur skoðað hvað er í boði fyrir þá.

Annar ótvíræður kostur við þetta skipulag er að þá er ekki verið að þvælast með hryssur í hestalátum innan um stóðhestana en það getur orðið hávaðasamt og jafnvel valdið „hormónasjokki“. Ef færri stóðhestar koma til dóms en gert er ráð fyrir verða hryssur einnig dæmdar þessa viku. Það er von Búnaðarsambandsins að ræktendur og knapar taki þessari nýbreytni vel og fjölmenni með stóðhesta á Gaddstaðflötum.

Teikið verður við skráningum dagana 6. -14. maí á skrifstofu Búnaðarsambandsins í síma 480 1800. Einnig er hægt að skrá hross til sýningar á heimasíðu Búnaðarsambandsins, www.bssl.is. Sýningargjald á hvert hross er 6.500 kr. Hafi greiðsla ekki borist í síðasta lagi í lok dags 14. maí er viðkomandi hross ekki skráð í mótið.

Sýningargjöld er hægt að greiða á skrifstofu Búnaðarsambandsins að Austurvegi 1 á Selfossi eða inn á reikning nr. 0152-26-1618, kt: 490169-6609. Ef greitt er í banka er mikilvægt að biðja bankann um að faxes strax greiðsluvittun til Búnaðarsambandsins, faxnúmerið er 480 1818. Ef greitt er í gegnum netbanka vinsamlegast sendið greiðsluvittun á netfangið halla@bssl.is. Hægt er að greiða sýningargjöldin með kreditkort. Endurgreiðsla á sýningargjöldum kemur aðeins til greina ef látið er vita um forföll áður en dómur hefst.

Að gefnu tilefni skal það tekið fram að það er ófrávikjanleg regla að búið sé að taka blóðpröfu úr öllum stóðhestum, jafnt ungfólum sem eldri hestum, sem koma til dóms. Ungfólar sem aðeins er komið með til að fá umsögn en ekki formlegan dóm þurfa þó ekki að uppfylla þessi skilyrði.

Stígur 97010

Besta nautið fætt 1997

Á aðalfundi BSSL, 23. apríl s.l., afhenti Haraldur Benediktsson, formaður BÍ, Magnúsi Guðmundssyni í Oddgeirshólum viðurkenningu fyrir besta nautið fætt 1997. Um er að ræða kynbótanautið Stíg 97010 sem fæddur var á félagsbúinu í Oddgeirshólum í Hraungerðishreppi 11. apríl 1997. Stígur var undan Óla 88002 og Skessu 268 Hvannadóttur 89022.

Stígur gefur afbragðskýr sem koma sérlega vel út í gæðaröðun, eru mjólkurlagnar með hátt próteini í mjólk. Júgurgerð þeirra er mjög góð sem og júgurhreysti. Þá virðast dætur hans ætla að verða endingargóðar kýr. Stígur er hæstur allra nauta í heildareinkunn, stendur í 122.

Þetta er í þriðja sinn sem naut frá félagsbúinu í Oddgeirshólum hlýtur viðurkenningu fyrir besta naut árgangs

Varðandi reglur um kynbótasýningar er þann fróðleik að finna á heimasíðu Búnaðarsambandsins www.bssl.is. Rétt er að minna á að pottaðar skeifur eru ólöglegar en nokkuð var um að hross lentu í vandræðum vegna þess á sýningum í fyrra.

Fagræð í hrossarækt hefur ákveðið að lág-mörk fyrir kynbótahross inn á LM2004 á Gaddstaðflötum verði þau sömu og voru á LM2002 á Vindheimamelum.

Aldur	Hryssur	Hestar
4	7,85	7,95
5	7,95	8,05
6	8,00	8,20
7v. og eldri	8,10	

Að lokum er rétt að minna á að öll hross sem koma til dóms skulu einstaklingsmerkt þ.e. frost- eða örmerkt. Mjög mikilvægt er að gengið sé frá grunnskráningum og einstaklingsmerkingu í tíma. Hross fær ekki dóm nema búið sé að skrá einstaklingsmerkið í Feng. Alltaf líða nokkrir dagar frá því að hrossið er einstaklingsmerkt þar til búið er að skrá það. Annað sem rétt er að minna á er að eigendaskipti á hrossum verða að berast skriflega og tímanlega þannig tryggt sé að búið sé að ganga frá eigendaskiptunum áður en sýningar hefst.

Halla Eygló Sveinsdóttir



Hæst dæmdu 5 vetra stóðhestarnir á Gaddstaðflötum voru 2003. Geysir frá Sigtúni, Hugur frá Hallanda, Randver frá Oddhól, Þorsti frá Garði og Örvar-Oddur frá Ketilsstöðum.

en áður hafa Svelgur 88001 og Blakkur 93026 orðið fyrir valinu frá þessu sama búi. Þetta er óvenjulegur og glæsilegur árangur enda búfjárrækt stunduð með miklu og góðum árangri í Oddgeirshólum og nægir að nefna það úrval kynbótahrúta sem einnig hefur komið til notkunar á sæðingastöðvar frá þessu sama búi.

Búnaðarsamband Suðurlands óskar Oddgeirshólabændum til hamingju með stórglæsilegan árangur.



FRÉTTABRÉF

BÚNAÐARSAMBANDS SUÐURLANDS

Apríl 2004 - 26. árgangur. - 7. tölublað

EFNI BRÉFSINS

Námskeið um gæðastýringu í sauðfjárrækt Bls. 1

Umsóknir um gæðastýringu í sauðfjárrækt Bls. 1

Kjörskrá vegna komandi mjólkursamnings Bls. 1

Aðalfundur BSSL Bls. 2

Ályktanir aðalfundar BSSL. Bls. 2-3

Héraðssýning kynbótahrossa á Gaddstaðflötum Bls. 4

Stígur 97010 Besta nautið fætt 1997 Bls. 4

Ritstjórn: Jóhannes Hr. Simonarson, Runólfur Sigursveinsson, Guðmundur Jóhannesson.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Sigurmundsson Sími 480 1800 - Fax 480 1818 Netfang: bessi@bssl.is Vefsið: http://www.bssl.is ISSN 1605-7546 Prentun: Prentsmiðja Suðurlands ehf.

Námskeið um gæðastýringu í sauðfjárrækt

Umsækjendur/þátttakendur í gæðastýringu í sauðfjárrækt þurfa að hafa sótt námskeið er Framkvæmdanefnd búvörusamninga skipuleggur. Gæðastýringarnámskeið verður haldið í júní 2004. Það mun ráðast af fjölda þátttakenda hvar námskeiðið verður haldið og hugsanlega hvort þau verða fleiri en eitt. Námskeiðið er ætlað þeim sem:

- Eru nýir þátttakendur og hafa ekki áður sótt námskeið
- Sátu ekki báða námskeiðsdaga (fyrrí-og seinni hluta) sem haldnir hafa verið

Þeir sauðfjárbændur sem óska eftir að sækja fyrirhugað gæðastýringarnámskeið þurfa að skrá sig fyrir 30. maí nk. hjá Búnaðarsambandi Suðurlands sími 487 4818 tölvupóstur: berglind@bssl.is sími 480 1800 tölvupóstur: bssl@bssl.is eða hjá Bændasamtökum Íslands, sími 563 0300 tölvupóstur: bella@bondi.is

Umsóknir um gæðastýringu í sauðfjárrækt

Nýir þátttakendur í gæðastýringu á Suðurlandi þurfa að skila inn umsókn til Búnaðarsambands Suðurlands fyrir **1. júlí nk.** Umsækjendur þurfa að hafa setið

gæðastýringarnámskeið er Framkvæmdanefnd búvörusamninga skipuleggur.

Nánari upplýsingar veitir Berglind í síma 487 4818 tölvupóstur: berglind@bssl.is

Kjörskrá vegna komandi mjólkursamnings

Vonir standa til að hægt verði að ljúka gerð nýs samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar á næstunni. Í kjölfar undirritunar samnings verður hann borinn undir atkvæði mjólkurframleiðenda. Atkvæðagreiðslan mun fara fram með póstkosningu. Réttur til þátttöku í kosningunni er bundinn því að viðkomandi standi að mjólkurframleiðslu innan greiðslumarks og sé jafnframt félagi í búnaðarsambandi (búnaðarfélagi) og/eða félagi í búgreinafélagi samkvæmt félagaskrá. „Að standa að mjólkurframleiðslu innan greiðslumarks“ ber að túlka svo að viðkomandi sé skráður greiðslumarkshafi eða sé sannanlega eignar- eða rekstraraðili að búi með greiðslumark til mjólkurframleiðslu. Jafnframt er krafan um félagsaðild.

Á vegum Búnaðarsambands Suðurlands er unnið að frágangi kjörskrár á svæði þess í samstarfi við stjórn Félags kúabænda á Suðurlandi en hana skipa: Sigurður Loftsson, Steinholti formaður, Jóhann Nikulásson, St-Hildisey II gjaldkeri og Katrín Birna Viðarsdóttir, Ásólfsskála ritari.

Þeir kúabændur sem nýlega hafa tekið við búi og/eða aðrir þeir sem standa fyrir búi en eru ekki nú þegar félagsmenn í búgreina- eða búnaðarfélagi eru hvattir til að hafa samband við undirritaðan eða einhvern í stjórn Félags kúabænda á Suðurlandi til skráningar í búgreina- eða búnaðarfélag og öðlast þannig rétt í atkvæðagreiðslunni.

Runólfur Sigursveinsson

Aðalfundur BSSL.

Aðalfundur BSSL var haldinn í Félagslundu í Gaulverjabæjarhreppi þann 23. apríl sl. í blíðskaparveðri. Fram kom í erindum formanns og framkvæmdastjóra að rekstur Búnaðarsambandsins hefði gengið vel á s.l. ári þrátt fyrir að bókfært tap upp á 1.871 þús. kr. væri á rekstri heildarsamstæðunnar, þ.e. rekstri ráðgjafarþjónustu, Kynbótastöðvar, Sauðfjarsæðingastöðvar, Bændabókhalds og Stóra Ármóts ehf. Heildareignir eru upp á rétt tæpar 200 millj. kr. og eigið fé tæpar 183 millj. kr.

Af einstökum deildum var rekstur ráðgjafarþjónustu með um 4 millj. kr. hagnað fyrir þátttöku í rekstri dótturfélags. Kynbótastöð var rekin með 680 þús. kr. hagnaði, Sauðfjarsæðingastöðin með 66 þús. kr. tapi og Bændabókhald með 543 þús. kr. hagnaði.

Gestir fundarins voru Haraldur Benediktsson, formaður BÍ, og Óðinn Örn Jóhannsson, búfjárefntilitsmaður í Árnes- og Rangárvallasýslum. Haraldur kom inn á kjötmálin í sínu erindi og taldi framleiðslustefnu kjúkl-ingabænda óábyrga miðað við aðstæður á kjötmarkaði í dag. Það væri í raun óskiljanlegt hvernig hægt væri að framleiða vöru með verulegu tapi til lengri tíma lítið.

Hann kom einnig inn á stöðuna varðandi nýjan mjólkursamning og taldi góðar líkur á að takast mætti að ljúka samningum í vor. Hann nefndi breytingar á stuðningsformi og nefndi í því samabndi svokallaðar bláar og grænar greiðslur. Hann sagðist vera mótfallinn grænum greiðslum sem skiluðu sér illa til bænda og kölluðu á auknið eftirlit og kostnað.

Óðinn Örn rakti framkvæmd forðagæslumála og búfjárefntilits og sagði starf búfjárefntilitsmanns vera umfangsmikið og víða nefnt í lögum og reglugerðum hvað honum væri ætlað. Hann kom inn í hverju helst væri pottur brotinn varðandi fóðrun og umhirðu búfjár.

Af öðrum málum fundarins má nefna að kálæxlaveikin var ofarlega í hugum fundarmanna auk þess sem nokkur gagnrýni kom fram á gang mála með rekstrarráðgjafarverkefnið SUNNU hjá Búnaðarsambandinu. Þá voru samþykktar allmargar ályktanir

Guðni Einarsson í Þórisholti var endurkjörinn í stjórn og Þórhildur Jónsdóttir í varastjórn. Skoðunarmenn, Elvar Eyvindsson og Vilhjálmur Eiríksson, voru einnig endurkjörnir sem og löggiltur endurskoðandi, Arnór Eggertsson.

Samþykktir aðalfundar Búnaðarsambands Suðurlands

Aðalfundur Búnaðarsambands Suðurlands, haldinn í Félagslundu 23. apríl 2004...

...tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í ályktun síðasta aðalfundar Landssambands kúabænda, varðandi framlög til „markmiðstengdra búrekstraráætlana“. Jafnframt ítrekar fundurinn mikilvægi öflugra hagfræðileiðbeininga í landbúnaði.

Ályktun aðalfundar LK hljóðar svo:

„Aðalfundur Landssambands kúabænda haldinn á Akureyri 16.-17. apríl 2004 skorar á stjórn Bændasamtaka Íslands og Fagráðs í hagfræði að taka til endurskoðunar úthlutun framlaga vegna „markmiðstengdra búrekstraráætlana“ til búnaðarsambandanna með það að markmiði að auka vægi eftirfylgni áætlana frá því sem nú er.

Greinargerð:

Samkvæmt núgildandi búnaðarlagasamningi eru sérmerktir fjármunir sem ætlaðir eru til „markmiðstengdra búrekstraráætlana“ Árlega tekur stjórn Bændasamtaka Íslands ákvörðun um úthlutun fjármagns úr þessum lið búnaðarlagasamnings. Miðað hefur verið við að greiða búnaðarsamböndum út á hverja áætlun sem unnin er hvert ár. Eins og úthlutunarreglur eru núna fæst tvöfalt herra framlag á nýja áætlun en eftirfylgni eldri áætlana. Meira virðist því skipta máli að formgera hlutinn í þessu tilviki

en að veita markvissa eftirfylgni og í raun verið að gera lítið úr þeirri vinnu sem hefst fyrir alvöru þegar viðkomandi bóndi og ráðgjafi fara að velta mismunandi kostum til betri árangurs í búrekstrinum.“

...hvetur Bændasamtök Íslands og landbúnaðarráðuneytið að grípa nú þegar til varnaraðgerða gegn kálæxlaveiki sem orðið hefur vart á starfssvæði BSSL.

1. Kanna þarf nákvæmlega útbreiðslu veikinnar.
2. Leiðbeina um varnir gegn frekari útbreiðslu.
3. Leita leiða til að útrýma kálæxlaveiki.

Greinargerð:

Það er alvarlegt mál að veiki sem þessi er komin til að vera og spillir kálöktrum bænda. Það er ekki síður alvarlegt fyrir þá bændur sem stunda ræktun matjurta af krossblómaætt.

Áríðandi er að strax verði brugðist við þeim vanda sem upp er komin svo koma meg í veg fyrir meira tjón en orðið er.

... skorar á stjórn Rannsóknastofu mjólkuriðnaðarins að beita sér fyrir því að fjölga efnamælingum úr einstökum kúm þannig að þær fari fram 12 sinnum á ári í stað átta sinnum á ári eins og nú er meginreglan.

Greinargerð:

Sífelld aukast kröfur til mjólkurframleiðenda um gæði

mjólkurinnar. Nú síðast tóku gildi hertar reglur frá 1. apríl sl. um mjólkurgæði. Því er mikilvægt að kúabændur geti á hverjum tíma fengið sem nákvæmastar upplýsingar um gæði mjólkur úr einstökum kúm með það að markmiði að skila sem bestri framleiðslu inn í afurðastöð.

... skorar á stjórn Búnaðarsambandsins að framkvæma könnun á bændabýlum á Suðurlandi á umfangi njóla-vandamála. Jafnframt verði leitað bestu leiða til að útrýma njóla.

... beinir þeim tilmælum til Fagráðs í nautgriparækt að það beiti sér fyrir því að orsakir vaxandi tíðni dauðfæddra kálfa hérlendis verði rannsakaðar án tafar.

Greinargerð:

Í allmörg ár hefur tíðni dauðfæddra kálfa í íslenska kúastofninum farið vaxandi og er nú svo komið að á árinu 2003 voru nærri 13% allra fæddra kálfa skraddir dauðfæddir samkvæmt kúaskýrslum á Suðurlandi. Á landsvísi lætur nærri að fimmti hver kálfur undan fyrsta kálfs kvígum sé dauðfæddur. Slíkt ástand getur á engan hátt talist eðlilegt né heldur viðunandi og því brýnt að orsakir þess verði fundnar sem hlýtur að vera forsenda þess að mögulegt sé að ráða bót á vandanum.

... mótmælir harðlega lækkun á framlagi ríkissjóðs til refaveiða sem kom til framkvæmda á síðastliðnum vetri. Skorað er á umhverfisráðherra að draga þessa aðgerð til baka og halda áfram fullu samstarfi við sveitarfélögin í landinu um þennan málaflokk.

Greinargerð:

Á liðnum árum hefur ref fjölgað mjög á starfssvæði Búnaðarsambands Suðurlands. Til þess liggja nokkrar ástæður, en þar vegur þyngst ákvörðun fjárveitingavaldsins að hætta 85% kostnaðarþátttöku við refaveiðar árið 1997. Nytjar sjávarspendýra eru að mestu aflagðar og deya því mun fleiri dýr en áður náttúrulegum dauðdaga, reka síðan á land og eru þar með gríðarlegt framboð á æti á veturna. Blöndun á aliref við íslenska stofninn hefur aukið frjósemi refastofnsins til muna en hjá þeim dýrum er yrðlingafjöldinn 30-50% meiri. Fjöldi refa er á ákveðnum svæðum orðinn það mikill að fuglastofnar þola þetta ástand ekki. Auk þess sem meira hefur orðið vart við dýrbít en áður. Á Suðurlandi hefur til dæmis helsingi reynt varp í nokkur undanfarin ár. Slíkt landnám gerist ekki nema á árhundraða fresti, en það er borin von að slíkt geti tekist með jafn öflugan refastofn yfir sér og raun ber vitni. Aðstaða sveitarfélaga til að sinna þessu er misjöfn og er því nauðsynlegt að ríkið haldi áfram að halda utan um þennan málaflokk.

... beinir eftirfarandi til landbúnaðarráðherra, Alþingis og ríkisstjórnar Íslands:

- Að tryggt verði nægt fjármagn til nauðsynlegs niðurskurðar á sauðfé og annarra aðgerða í tengslum við hreinsun og fjárskipti vegna riðu í Árnessýlu.
- Að hvergi verði hvikað frá markmiðum um að útrýma riðuveiki.

Greinargerð:

Um áratugaskeið hefur niðurskurður fjár á riðusvæðum verið helsta aðferðin í baráttunni við útbreiðslu riðuveiki í sauðfé. Þrátt fyrir að enn sé margt óljóst um það hvernig riðan breiðist út og enn komi upp ný tilfelli er ljóst að ef niðurskurði hefði ekki verið beitt væri riðan landlæg um allt land og ástandið komið algerlega úr böndunum. Þrátt fyrir þau óþægindi og kostnað er af niðurskurði hlýst er hann af tvennu illu skárru kostur en að búa við riðuna. Því er nauðsynlegt að tryggj sé það fjármagn sem þarf til bótageiðslna og annarrar eftirfylgni vegna riðuniðurskurðar í Árnessýslu nú og slíkra tilfella er upp kunna að koma í framtíðinni.

... lýsir áhyggjum yfir mjög bágu viðhaldi vega víða í sveitum, girðingum, hliðum og reiðvegum meðfram þeim. Uppbygging og viðhald þessara mannvirkja er oft ekki í nokkru samræmi við notkun og stendur það atvinnu- og íbúáþróun þessara svæða fyrir þrífum. Því er skorað á ríkisvald og Vegagerð að ráða bót á þessu hið bráðasta.

... beinir því til sveitarstjórna að hlutast til um að plastpakkaðir baggar liggja ekki á víð og dreif um tún og akra langtímum saman. Fundurinn minnir í þessu sambandi á mikilvægi góðrar ásyndar landbúnaðarins og íslenskra sveita.

... samþykkir óbreytt árgjald til Bssl. alls kr 1.000,- á félagsmann.

... samþykkir að þóknun fulltrúa á aðalfundi verði kr. 8.500

... leggur til að fjárhagsáætlun Búnaðarsambands Suðurlands fyrir árið 2004 verði samþykkt.

... samþykkir fjárhagsáætlun Kynbótastöðvar Suðurlands og þar með óbreytt sæðingagjöld á komandi starfsári.

KÝR 2004

Kúasýningin KÝR 2004 verður haldin 28. ágúst n.k. í Ölfushöllinni.

Það er því ekki eftir neinu að bíða með að velja kálfa til sýningar og byrja að temja.

Sýningarflokkar verða auglýstir síðar.